

Reykjavík 3.12.2020

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að Reykjavíkurborg endurskoði gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra með það að markmiði að fólk geti keypt árskort fyrir aðgang að ferðaþjónustu fatlaðra og þurfi ekki að greiða fyrir hverja ferð. Lagt er til að Reykjavík beiti sér fyrir því að árskort fyrir ferðaþjónustu fatlaðra gildi einnig til að ferðast með Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu. Ferðaþjónusta fatlaðra er á vegum Reykjavíkur, ekki Strætó og því gilda ólíkar verðskrár. Vegna þess gildir árskort fyrir öryrkja aðeins í strætó en ekki fyrir ferðaþjónustu fatlaðra, sem þó er á vegum Strætó bs. Verð fyrir stakar ferðir er það sama en gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra býður ekki uppá magnafslátt fyrir alla, svo sem með því að kaupa kort. Það er að vísu boðið upp á nemakort fyrir fatlaða nemendur í framhalds- og háskólum, en það kostar 22.600 á ári fyrir 16-17 ára og 52.900 á ári fyrir eldri.

Svar:

Stjórn Strætó ákvað á fundi sínum þann 8. maí 2020 að vísa erindinu á stjórn Akstursþjónustunnar. Erindið var tekið fyrir á stjórnarfundi og óskað eftir afstöðu félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða tvö aðskilin verkefni sem Strætó sinnir, annarsvegar fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og hinsvegar verkefni sem unnið er fyrir 4 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þess óvissuástand sem ríkir í þjóðfélaginu telur stjórnin ekki á þessum tímapunkti tímabært að hægt sé að nota kort sem gildir sem greiðsla á milli þessara aðskildu verkefna. Skoðað hefur verið að taka upp árskort eingöngu fyrir viðskiptavinum í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og var að svo komnu máli ekki ráðist í það.

Jóhannes Rúnarsson
Framkvæmdastjóri Strætó